

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi á Nollu í Grýtubakkahreppi.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti þann 5. september 2011 óverulega breytingu á deiliskipulagi á Nollu í Grýtubakkahreppi.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að í stað þess að byggja fleiri hús í suður verði byggt eitt hús í norður við bílaplanið norðvestur af útihúsum og geymslu. Núverandi byggingarreit er breytt til samræmis við áætlanir um framkvæmdir innan skipulagssvæðisins og byggð verði aðeins þrjú gistihús í stað fjögurra eins og gert var ráð fyrir í gildandi skipulagi.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grýtubakkahreppi, 14. september 2011.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2011